

Sp.

1026. Þingsályktun

[89. mál]

um áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins.

(Afgreidd frá Sp. 21. maí.)

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta kanna líkleg áhrif tölvuvæðingar á skólakerfi landsins og bendir sérstaklega á að fylgst verði með sérstakri rannsókn, sem nú er í undirbúningi um þetta efni á vegum menntarannsóknastofnunar OECD. Bæði verði kannað hver áhrifin muni verða á skólahaldið sjálft með aukinni tölvunotkun í skólum svo og hvaða kröfur tölvuvæðing í öllu athafna- og atvinnulífi gerir til skólakerfisins.

Reynt verði að meta í grófum dráttum, á hvaða sviðum þjóðlífsins tölvuvæðingin komi til með að hafa áhrif og í hvaða tímaröð þau áhrif muni koma fram. Bæði verði tekið tillit til þeirra, sem starfa munu með tölvum eða í tengslum við þær, og einnig til allra hinna, sem verða notendur tölvuefnis.

Á grundvelli þessara athugana verði gerðar tillögur um, hvernig skólakerfið bregðist við þessum áhrifum og þeim kröfum, sem af þeim munu hljóta. Þess verði sérstaklega gætt, hver verði áhrif tölvuvæðingarinnar á almenna grunnmenntun.